

**Ed.**

**489. Frumvarp til laga**

[258. mál]

um breyting á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*G r e i n a r g e r ð .*

Málgrein sú í 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, sem lagt er til að falli niður, er svohljóðandi:

„Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri og útvarpsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð.“

Þegar frumvarp til laga um Þjóðskjalasafn var til meðferðar í nefnd í fyrra hreyfði flutningsmaður því að þetta ákvæði ætti tæplega heima í lögum um Þjóðskjalasafn og ekki væri heldur eðlilegt að embætti þjóðskjalavarðar væri blandað í daglegan rekstur Ríkisútvarpsins með þeim hætti sem hér er gert. Þessi skoðun fékk ekki hljómgrunn í nefndinni en mikið kapp var lagt á að afgreiða frumvarpið fyrir þinglok og var því ekki flutt breytingartillaga um þetta efni.

Það ákvæði, sem hér um ræðir, á ekki heima í lögum um Þjóðskjalasafn. Ákvæði um þetta atriði á hins vegar heima í útvarpslögum og hefur flutningsmaður einnig lagt fram frumvarp til laga um breyting á þeim að því er varðar skyldu Ríkisútvarpsins til að geyma dagskrárefni.